



## Verklagsreglur stjórnar Ferðasjóðs STEFs

1. Markmið sjóðsins er að styrkja meðlimi STEFs til ferða erlendis sem munu geta aukið tekjur viðkomandi sem tónhöfunda í gegnum STEF.
2. Hægt er að sækja um styrki til að vera viðstaddur/viðstödd frumflutning og æfingar verka, til tónleikaferða þar sem tónhöfundur er að flytja eigin tónlist eða til að taka þátt í skipulögðum tónhöfundabúðum sem viðkomandi hefur verið boðið að taka þátt í. Almennt styrkir sjóðurinn ekki þátttöku í rannsóknarverkefnum, þátttöku í ráðstefnum eða til tónsköpunarverkefna annarra en hér að ofan eru nefnd nema STEF sé sérstakur samstarfsaðili slíkra verkefna.
3. Við afgreiðslu umsókna er haft til hliðsjónar hvort og þá hvenær viðkomandi hlaut síðast styrk úr sjóðnum, hver tekjuöflun viðkomandi er í gegnum STEF og hversu vel ferðin fellur að markmiðum sjóðsins.
4. Umsóknir skulu sendar á netfangið [info@stef.is](mailto:info@stef.is) og í þeim skal koma fram hver sé tilgangur ferðar, hvert sé farið ásamt mati á kostnaði við ferð og hvaða þýðingu ferðin hefur fyrir feril viðkomandi tónhöfundar. Einnig skulu koma fram nöfn og kennitölur þeirra sem fara munu í ferðina.
5. Einungis er hægt að sækja um styrki vegna ferða tónhöfunda en ekki annarra s.s. flytjenda eða umboðsmanna.
6. Sjóðurinn styrkir einungis ferðir til útlanda en ekki innanlands í ljósi markmiða sjóðsins.
7. Í stjórn sjóðsins sitja þrjú aðilar. Framkvæmdastjóri STEFs svo og tveir aðilar tilnefndir af stjórn STEFs. Starfstímabil þeirra fylgir starfstímabili stjórnar eða tvö ár í senn.
8. Opið er fyrir umsóknir allt árið. Stjórn sjóðsins skal funda eigi sjaldnar en þrisvar á ári til að taka ákvarðanir um úthlutanir úr sjóðnum. Framkvæmdastjóri STEFs boðar hina meðlimi stjórnar á fundi.
9. Í ljósi þess hversu sjaldan stjórn sjóðsins úthlutar er heimilt að taka til afgreiðslu umsóknir vegna ferða sem þegar hafa verið farnar svo lengi sem þær bárust sjóðnum fyrir ferðina.